



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [gudrunm@myv.is](mailto: gudrunm@myv.is)

Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.

8. fundur.

Haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps, 20. júní 2011, kl. 13:00.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Birgir Steingrímsson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Pétur Snæbjörnsson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Erindi frá Hólmfríði Jónsdóttur v/aðalskipulagsbreytingar á Arnarvatni.

Erindi hefur borist frá Hólmfríði Jónsdóttur þar sem hún fer fram á að skipulagsnefnd endurskoði afstöðu sína varðandi fyrirhugaða staðsetningu þjónustulóðar á Beitarhúsaási. Það er mat skipulagsnefndar að ekkert hafi komið fram í málinu sem gefi tilefni til þess að kvika frá þeirri stefnu, að ekki verði brotið nýtt land til mannvirkjagerðar vatnsmegin þjóðvegur.

3. Fundargerðir og kostnaðaráætlun v/endurnýjunar á hitaveitunni.

Fyrir fundinum liggja tvær fundargerðir starfshóps um veitumál frá 18.05. og 16.06.

Fyrir liggur kostnaðaráætlun frá Verkís verkfræðistofu um endurnýjun veitukerfa Skútustaðahrepps 2011-2013. Stærsti einstaki verkþátturinn er endurnýjun lagnarinnar frá Geiteyjarströnd í Garð. Nefndin leggur til að skoðuð verði sérstaklega hagkvæmni þess hvort mögulegt sé að tengja suðurhluta sveitarinnar við Fagradalsveitu við Arnarvatn. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að heildarendurnýjun vatns- og hitaveitu verði boðin út í einu lagi, sem og fjármögnun verkefnisins.

Einnig er lagt til að allar rotþrær í sveitarfélaginu verði ástandsmetnar og hnitsettar m.t.t. útboðs á hreinsun þeirra.

4. Önnur mál.

Rætt var um tölvutengingar í sveitinni. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að kannað verði hvort möguleiki sé á tengingu í sveitarfélaginu við þá ljósleiðara sem liggja um sveitarfélagið og hver kostnaðurinn yrði við slíka framkvæmd.

Fleira ekki gert, fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Birgir Steingrímsson,
Karl Emil Sveinsson,
Pétur Snæbjörnsson,
Eyrún Björnsdóttir.